

5. stjórnarfundur Hvanneyrarbúsins ehf.

Ásgarði, Hvanneyri 19. janúar 2017, kl. 11:30

Dagskrá:

1. Afgreiðsla fundargerðar síðasta stjórnarfundar-tilkynna til RSK breytingar á stjórn
2. Þórlág -málaferli
-leiðréttingarskýrsla til RSK
3. Rekstur ársins 2016 -lausafjárstaða um áramót
-ársreikningur 2016 framkvæmd
4. Rekstrar- og fjárfestingaáætlun 2017
5. Önnur mál

Mætt voru Pétur Diðriksson, Þóroddur Sveinsson (ÞS), Egill Gunnarsson (EG) og Auður Magnúsdóttir (AM). ÞS var fundarstjóri og AM fundarritari.

1. Afgreiðsla fundargerðar síðasta stjórnarfundar-tilkynna til RSK breytingar á stjórn

Fundagerð lesin yfir og samþykkt.

Tilkynning um breytingu á stjórn til RSK, undirritað.

ÞS mun sjá til þess að tilkynna breytingu á endurskoðanda félagsins til RSK.

2. Þórlág -málaferli

Afskrifum þetta vegna þess að upphæðin er lág og langt um liðið. Snúum okkur að nýjum og skemmtilegri verkefnum. ÞS mun ræða við okkar lögfræðing til þess að loka þessu án frekari eftirmála.

Bókhaldsgögn v/rafmagnskotnaðar eru fundin sem eru nauðsynleg til þess að fá endurgreiddan ofgreiddan vsk, EG sendir inn leiðréttingarskýrslu til RSK.

3. Rekstur ársins 2016 -lausafjárstaða um áramót

EG kynnti uppkast að ársreikingi fyrir árið 2016 sem sýnir áfram bættu eiginfjárstöðu og rekstraafkomu með um 11 milljón kr. hagnað fyrir afskriftir og fjármagnsliði.

4. Rekstrar- og fjárfestingaáætlun 2017

Rekstraráætlun 2017 lögð fram. Bústjóri gerir ráð fyrir tekjuafgangi upp á 13 millj. fyrir fjármagnsliði, 3.2 millj. eftir fjármagnsliði árið 2017. Hvanneyrarbúið spilar stærra hlutverk í skólasterfi nú en áður. Rætt hvort tímabært sé að endurskoða þjónustusamning við Lbhí vegna þess.

Fjárfestingar 2017:

Selja á liðlétting sem skólinn á og búið hefur haft að láni og því þarf búið að kaupa nýjan.

Samþykkt var að kaupa JCB 516-40. Fjármögnun: gera fjármagnskostnað eins lágan og hægt er, bústjóri ákveður hversu hátt lán verður tekið, hámark 3 millj greiddar út.

Tilboð frá Delaval í nýjan róbot. Núverandi róbót langt kominn í uppærslu og allt viðhald er gott. Virkar vel. Tökum þessu góða tilboði ekki við núverandi aðstæður.

5. Önnur mál

ÞS kynnti bréf frá ráðuneyti varðandi það að kjararáð ákveður ekki lengur laun framkvæmdastjóra hlutafélaga sem eru í eigu ríkisstofnanna. Færð til stjórna félaganna og taka mið að eigendastefnu ríkisins.

Fleira ekki gert og fundi slitið 14.18 og skundað í fjós.

Næsti fundur þegar ársreikningur frá endurskoðanda er tilbúinn til skoðunar hjá stjórn 6. apríl 10.30.